Raunsæi og andstæður

List og hönnun

Bragi Ásgeirsson

Það fer ekki á milli mála, að New York er mikil borg og að þar séu andstæðurnar meiri og áþreifanlegri en í öðrum borgum. Maður sér svo margrt þar, sem manni dreymir ekki að sjá annars staðar, eins og t.d. töturbúið fólk ráfandi um eða steinsofandi á gangstéttum glæsihverfanna og enginn stuggar við þeim. Víða annars staðar væru slíkir fjarlægðir með hraði og yllu jafnvel meiri háttar uppnámi! Það er því engin furða, þótt slíkt mannlífssvið sé freistandi viðfangsefni til ljósmyndunar og hrein gullnáma fyrir þá, sem leggja stund á fagið sjálft.

Þannig er það og með *Braga Þ. Jósefsson*, sem nýfluttur er til landsins eftir nám í ljósmyndum í heimsborginni, jafnframt því sem hann vann um skeið að námi loknu sem lausamaður við ýmsar ljósmyndastofur í Bandaríkjunum.

Bragi sýnir um þessar mundir allnokkrar svart-hvítar ljósmyndir í eystri gangi Kjarvalsstaða, og er myndefnið allt sótt til heimsborgarinnar, enda nefnist hún New York/New York, og er á um ákveðna skírskotun að ræða.

Og vissulega getur að líta miklar andstæður í þessum myndum svo og furðuleg sjónarhorn, en þó finnst mér það einhvern veginn koma fram í þessum myndum, að Bragi lagði megináherslu á auglýsingaljósmyndun en ekki t.d. listræna ljósmyndun. Á þessu tvennu er mikill munur, sem



Bragi Þ. Jósefsson

ekki verður bættur upp með tilfallandi valgeirum. Mér þykir þetta og koma fram í hinum ýmsu myndum á sýningunni og þá helst í því, að svo er sem myndirnar séu teknar með víðara samhengi til hliðsjónar, en ekki sem algjört núið. Frávik frá þessu eru nokkrar myndir svo sem Central Park (1989) og þrjár myndir frá East Village einnig teknar á síðasta ári svo og Fjármálahverfið frá 1986. Í öllum þessum myndum eru listræn tök með ríkri skírskotun til raunsæisins allt um kring og í algjörleika sínum. Einföld hnitmiðuð og afdráttarlaus myndbygging er og veigur þeirra. Maður óskar sér einhvern veginn miklu fleiri mynda í sama flokki.

Auðvitað eru miklu fleiri vel teknar myndir á sýningunni, en þær skera sig að engu úr því, sem maður hefur séð áður í myndum annarra ljósmyndara frá New York á umliðnum árum. Sennilega eru og myndirnar of smáar á þessum hráa og opna stað og koma þannig ekki eins vel til skila og í innilegra umhverfi. Stærri myndir og á skilrúmum fara hins vegar vel svo sem hin stórkostlega sýning á verkum Jousuf Harsh á sl. ári, sem mér er í ljósu minni.

Tæknilega hliðin á myndunum sýnist mér góð, en sumar eru þó kannski full harðar og eintóna, sem kann að vera fylgifiskur sérmenntunar gerandans.

Sem frumraun gefur þó sýningin viss fyrirheit.

Ég þakka innilega öllum þeim mörgu, sem glöddu mig með heimsóknum, gjöfum og hlýhug á 90 ára afmæli mínu 4. febrúar. Veri gleði og gæfa ykkar leiðarljós.

Sigrún Guðbjörnsdóttir,
Hrafnistu, DAS,
Reykjavík.

BÆNDABÓKHALD!

Sérhannað forrit fyrir bændur, sem sér um úrvinnslu á m.a. vsk-, skatt-, landbúnaðar-, fyrningaskýrslum, launa- og skuldabréfavinnslu. Ritvinnsla o.fl.
Verð 29.880 m/vsk. Kemur út 20. febrúar.
Hugbúnaðargerðin, sími 91-79743.

Veitingasala – húsdýragarður

Leitum að aðila með eigin aðstöðu til að reka veitingasölu í húsdýragarðinum í Laugardal frá 15. maí1990. Margskonar rekstrarfyrirkomulag kemur til greina. Umsóknum skal skilað inn fyrir kl. 16.00 föstudaginn 23. febrúar 1990 til garðyrkjudeildar borgarverkfræðings, Skúlatúni 2.

Nánari upplýsingar eru veittar á sama stað í síma18000.

TILBOÐ ÓSKAST



í MMC L300 Mini Bus 4 W/D árgerð '87 (ekinn 47 þús. km.),
AMC Jeep CJ-7 Renegade árgerð '84, ásamt öðrum bifreiðum,
er verða sýndar á Grensásvegi 9,
þriðjudaginn 13. febrúar kl. 12-15.
Tilboðin verða opnuð á sama stað kl. 16.00.

Sala varnarliðseigna.

ORÐSENDING

UM LEIÐRÉTTINGU Á VERÐBÓTUM Á SKYLDUSPARNAÐI

Umboðsmenn og aðstandendur einstaklinga, sem búsettir eru erlendis eða sem látist hafa og söfnuðu skyldusparnaði á árunum 1957 til 1. júlí 1989, eru hér með hvattir til að kanna í upplýsingasímum stofnunarinnar hvort greiðslur vegna leiðréttinga á verðbótum liggi þar fyrir. Allar leiðréttingar til þeirra, sem áttu skráð heimilisfang hér á landi 1. desember 1989 s.l. hafa verið sendar út. Eftir standa töluvert af leiðréttingargreiðslum til fólks, sem skráð er erlendis og sem látið er.

Í desember s.l. ákvað Húsnæðisstofnun ríkisins að greiða út leiðréttingar varðandi verðbætur á skyldusparnað. Hér var einungis um að ræða verðbætur sem reiknast áttu af verðbótum. Leiðréttingarnar vörðuðu tímabilið 1. júní 1957 til 1. júlí 1980 og náðu aðeins til hluta þeirra sem áttu skyldusparnað umrætt tímabil.

Upplýsingasímar eru 696946 og 696947 kl. 10–12 virka daga.

HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS
SUÐURLANDSBRAUT 24 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 696900

TRÉSTIGAR

FURA • BEYKI • EIK • MAHOGNY • ASKUR • MÁLAÐIR

Gásar

Ármúla 7 • Reykjavík • Sími: 30 500

SMÍÐUM EFTIR MÁLI • SENDUM BÆKLINGA